

Stroksýni

Útbúnaður

- Hlífðarfátnaður, einnota hanskar og andlitsgríma
- Hlífðarfátnaður í þeim tilvikum þar sem miklar líkur eru á smithættu fyrir fólk:
 - einnota hlífðargalli með hettu
 - einnota andlitsgrímur sem uppfylla P3 staðal (FFP3 D, EN 149:2001)
 - öryggisgleraugun
 - skófátnaður sem hægt er að sótthreinsa eða einnota hlífðarskór
- Pinnar (ekki úr bómull eða með tréskaft)
- Sýnaglas með æti
Litur á ætinu skal vera rauður. Útrunnin sýnaglös eru nothæf ef ætið er ennþá rautt. Glösum með gulu æti skal henda
- Skæri eða klippur ef ekki er hægt að brjóta skaftið á pinnanum
- Tússpeni
- Góður pappakassi til sendingar
- Rannsóknarbeiðni (stuðningsskjal FUF3)

Sýnataka

- Klæðist hlífðarfátnaði
- Takið þann fjölda stroksýna sem fyrir var mælt um
 - Ef um stakan fugl er að ræða skal að öllu jöfnu taka eitt stroksýni þar sem sami pinni er notaður til að taka strok úr öndunarfærum (helst barka en að öðrum kosti úr koki) og úr gotrauf (cloaca). Pinninn er settur í sýnaglas.
- Glösin skal merkja með hlaupanúmeri
- Pinninn er tekinn úr umbúðum með því að taka um skaft og án þess að snerta toppinn pinnans
- Stroksýni úr öndunarfærum:
 - Sýni úr barka eru tekin fyrir aftan munn úr barka með því að toga tunguna varlega út. Þannig sést í aftari hluta tungunnar og ofarlega í barkann
 - Stroksýni úr koki eru tekin með því að strjúka með pinnanum fram og til baka innan í munni fuglsins, aftarlega við barkakýlið og beggja megin undir og fyrir aftan tunguna. Þessi sýni henta best fyrir litla fugla ef pinninn er of stór fyrir sýni úr barkanum
- Stroksýni úr gotrauf eru tekin með því að setja allan pinnann í gotraufina og strjúka yfir slímhimmuna í tveimur til fjórum hringjum. Ef mikið drit er á pinnanum er gott að hrista það af
- Toppur pinnans er settur í sýnaglasíð og skaftið brotið eða klippt með skæri eða klippu. Ef áhöld eru notuð skal sótthreinsa þau með sótthreinsispritti eftir hvern pinna
- Ef sýni eru tekin úr fleiri fuglum má safna sýnum úr sömu tegund í eitt glas. Það er hægt að safna allt að fimm pinnum í eitt glas eftir því hversu stórir pinnarnir eru.
- Hræið er látið liggja á fundarstað

Söfnun á fuglum

Útbúnaður

- Hlífðarfatnaður, einnota hanskar og andlitsgríma
- Hlífðarfatnaður í þeim tilvikum þar sem miklar líkur eru á smithættu fyrir fólk:
 - einnota hlífðargalli með hettu
 - einnota andlitsgrímur sem uppfylla P3 staðal (FFP3 D, EN 149:2001)
 - öryggisglæraugun
 - skófatnaður sem hægt er að sótthreinsa eða einnota hlífðarskór
- Stórir, sterkir plastpokar (svartir ruslapokar)
- Sterkt límband
- Góður pappakassi
- Rakadrægur pappír (má nota dagblöð)
- Úðabrúsi með sótthreinsilegi
- Rannsóknarbeiðni (stuðningsskjal FUF3)

Sýnataka

- Klæðist hlífðarfatnaði
- Setjið hræið í plastpoka, og lokið vel
- Úðið plastpokann með sótthreinsiefni að utanverðu og setjið í annan plastpoka. Sótthreinsið skófatnað eða farið úr hlífðarskóm og setjið þá og ytri hanskana í þennan poka. Leggið með rakadrægan pappír. Lokið vel
- Setjið pokann með hræinu í þriðja pokann
- Í þeim tilvikum þar sem miklar líkur eru á smithættu fyrir fólk: farið úr hlífðargalla (snúið honum við) og takið af ykkur andlitsgrímuna og glæraugun og setjið í sérstakan poka til förgunar (má senda með sýninu). Farið að lokum úr innri hönskum og setjið í sama poka
- Lokið pokanum með sýninu vel með sterku límbandi
- Setjið í góðan pappakassa og leggið rakadrægan pappír með
- Þvoið ykkur vel um hendur um leið og þið hafið tók á því og sótthreinsið hendur

Frágangur og sending

- Sýnin eru geymd í kæli og send sem kælivara
- Fyllið út rannsóknarbeiðni. Ef um stroksýni er að ræða skal tilgreina sýni úr koki, barka eða gotrauf (merking og lýsing á eyðublaðinu)
- Merkið sendinguna með eftirfarandi áletrun:
Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum
Keldnavegi 3, 112 Reykjavík
Síminn 585 5100
b.t. Vilhjálms Svanssonar (893 6777)

Síðast uppfært: 9.5.2022

Heiti skjals: **FUF2** (stuðningsskjal 2 fyrir viðbragðsáætlun um fuglaflensu)